

## Minnispunktur - Fundur almannavarnanefndar Vesturlands

Fundartími: 27. apríl 2021 kl. 10:00.

Fundarstaður: Fjarfundur á Teams.

Varaformaður almannavarnanefndar á Vesturlandi boðaði til fundarins.

Mætt eru:

Af hálfu lögreglustjórans á Vesturlandi:	Emil Sigurðsson aðstoðarsaksóknari Gunnar Örn Jónsson lögreglustjóri
Af hálfu Hvalfjarðarsveitar:	Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri
Af hálfu Akraneskaupstaðar:	Sævar Þráinsson bæjarstjóri
Af hálfu Skorradalshrepps:	Árni Hjörleifsson oddviti
Af hálfu Borgarbyggðar:	Þórdís Sigurðardóttir, sveitarstjóri
Af hálfu Eyja- og Miklaholtshrepps:	Eggert Kjartansson, oddviti
Af hálfu Snæfellsbæjar:	Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Af hálfu Grundarfjarðarbæjar:	Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri.
Af hálfu Helgafellssveitar:	Guðrún Karólína Reynisdóttir, oddviti
Af hálfu Stykkishólmsbæjar:	Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri
Af hálfu Dalabyggðar:	Kristján Sturluson sveitarstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar:	Jens Heiðar Ragnarsson slökkviliðsstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Borgarbyggðar:	Bjarni Kr. Þorsteinsson slökkviliðsstjóri og Heiðar Örn Jónsson varaslökkviliðsstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Dalabyggðar:	Ívar Örn Þórðarson, slökkviliðsstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Grundarfjarðarbæjar:	
Af hálfu Slökkviliðs Snæfellsbæjar:	
Af hálfu Brunavarna Stykkishólms og nágrennis	Einar Þór Strand slökkviliðsstjóri
Af hálfu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi:	

Kristján Sturluson setti fund, bauð fundarmenn velkomna. Til fundarins var boðað til að fara yfir eftirfarandi atriði:

1. Kosning formanns nefndarinnar
2. Áhættuskoðun, staða verkefnis
3. Reynslan af hættustigi í vor (gróðureldar)
4. Önnur mál

### 1. Kosning formanns og varaformanns.

Kristinn nefnir að það kerfi sem hefur verið í gangi, þ.e. að lögreglustjóri sé formaður, hafi gengið vel. Gunnar nefnir að betra sé að formaður nefndarinnar sé einhver sem geti skuldbundið sveitarfélögin og að formaður nefndarinnar sé frekar sveitarstjóri. Gunnar leggur til að Kristján taki við formennsku. Kristján tekur ágætlega í þessa hugmynd og spyr fundarmenn um afstöðu til þess. Fundarmenn taka vel í þessa tillögu að Kristján taki við formennsku nefndarinnar. Jakob greinir frá því að hann telji lögreglustjóra frekar henta betur sem formaður en styður samt að Kristján taki við formennsku ef hann er tilbúinn til að taka það að sér. Jakob telur rétt að taka það fram að formaður nefndarinnar hafi ekki umboð eða heimild til þess að skuldbinda sveitarfélögin. Kristján er sammála þessari túlkun Jakobs. Þórdís og Björg segjast ekki gera athugasemdir við það fyrirkomulag að lögreglustjóri verði ekki formaður en það sé kannski ekki það praktískasta. Gunnar telur að

hann og Kristján muni verða gott teymi en hann telur þetta fyrirkomulag vera meira í samræmi við lög sem gilda um almannavarnir. Jakob nefnir að lögreglustjóri eigi sæti í nefndinni og hann hafi yfirsýn yfir þau verkefni sem þarf að sinna. Kristján nefnir að honum hafi fundist eldra fyrirkomulag hafa gefist vel, að lögreglustjóri sé formaður nefndarinnar og fari eins með stjórn aðgerðarstjórnar. Kristinn nefnir að gott hafi verið að fá upplýsingar frá lögreglustjóra þar sem lögreglustjórinn sat fundi og gat upplýst sveitarstjóra um efni þeirra funda og miðlað vel upplýsingum.

Kosning um formann og varaformanns – tillaga um að Kristján Sturluson, sveitarstjóri í Dalabyggð, verði formaður og Gunnar Örn Jónsson, lögreglustjóri á Vesturlandi, verði varaformaður. Tillagan er einróma samþykkt.

## 2. Áhættuskoðun

Búið er að vinna skjalið m.t.t. þeirra ábendinga og athugasemda sem komu fram við meðferð skjalsins hjá sveitarfélögum. Skjalið verður sent til nefndarinnar til yfirferðar og verður síðan sent til almannavarnanefndar til meðferðar.

## 3. Reynslan af hættustigi í vor (gróðureldar)

Einar Strand nefnir að þetta hafi gengið ágætlega. Nokkrir eldar hafi þó komið upp í Hvalfjarðarsveit sem slökkvilið hafi þurft að slökkva.

Þá nefnir Einar búnaðarmál hjá slökkviliðinu. Það sé nauðsynlegt að slökkviliðin verði betur búin í framtíðinni.

Nefnir möguleikann á því að gróðureldar verði látnir falla undir náttúruvá.

Haldnir voru margir fundir innan svæðis og á landsvísu.

Bjarni – Búið er að setja saman hóp vegna gróðurelda og mögulegra úrlausna vegna þessa málaflokks. Telur mikilvægt að allir hagsmunaaðilar komi þar að. Bjarni segir mikið hafa verið talað um mögulegar aðgerðir en ekkert hafi gerst í þeim eignum.

Heiðar – Mikilvægt að þrýsta á stjórnvald hvað varðar fræðslu til almennings hvað varðar gróðurelda og eldhættu.

Jens – Nefnir að slökkviliðið á Akranesi hafi farið í 12 útköll vegna gróðurelda. HMS er með það verkefni að fara yfir hvaða búnað slökkviliðin þurfa hafa við vinnu vegna gróðurelda. Telur mikilvægt að ýta við þeirri vinnu. Kristján – telur rétt að nefndin taki ákvörðun um hvort rétt sé að senda erindi á HMS.

Árni – telur mikilvægt að horft sé heildstætt á umdæmið, þá sérstaklega varðandi mögulegar flóttaleiðir. Aðrir staðir geta verið verr staddir hvað þetta varðar en Skorradalur. Árni telur grundvallaratriði að gróðureldar verði taldir sem náttúruvá. Nefnir einnig umræðu um mögulega sameiningu slökkviliða. Lögreglan tekur undir með Árna að mikilvægt sé að skoða mögulegar flóttaleiðir í öllu embættinu.

Þórdís tekur undir að rétt sé að gróðureldar verði flokkaðir sem náttúruvá þar sem kostnaður sveitarfélaga vegna slökkviliðsmálefna hafi aukist og muni aukast.

## 4. Önnur mál

Gunnar – Framtíðarsýn.

Lögreglan mun vinna áfram og eins og áður að almannavörnum. Þá mun lögreglu fara yfir atriði sem koma fram í áhættuskoðun og vinna með þau.

## Covid-19

Kristinn telur að nefndin þurfi að skoða og meta hvað sé framundan hvað varðar Covid. Telur rétt að horfa ekki á faraldurinn eins og hann sé búinn og þá sérstaklega hvað varðar skólamál. Nefnir að smit hafi komið upp í sveitarfélaginu og hann hafi þurft að hafa samband við sóttvarnarhús til þess að koma smituðum þangað.

Lögregla leggur til að nefndin haldi fund með umdæmissóttvornarlæknum og farið verði yfir stöðuna hvað varðar Covid.

Fundi slitið kl. 10:59.